

Af hverju ríkir bann á snákum, eðlum og skjaldbököm?

Almennt bann hefur ríkt við innflutningi skriðdýra á borð við slöngur, skjaldbökur og eðlur frá því snemma á 9. áratug síðust aldar. Bannið byggðist upphaflega á alvarlegum sjúkdómstilfellum í fólki af völdum salmonellusmits sem rekja mátti með ótvíræðum hætti til þessara gæluðýra. Árið 1983 kom upp alvarleg salmonellusýking í Reykjavík sem reyndist eiga uppruna í skjaldböku heimilisins. Í kjölfarið voru framkvæmdar rannsóknir sem sýndu mikla salmonellumengun í fiskabúrum og skjaldbököm gæluðýravarslana á höfuðborgarsvæðinu og greindust salmonellusýklar í skjaldbököm á 30% af 183 heimilum víðsvegar á landinu.

Vinsældir skriðdýra sem gæluðýra koma í bylgyum og eykst þá þrýstingur fyrir innflutning og jafn-

framt fer að bera á smygli slíkra dýra. Fyrir rúmum áratug var tilraun gerð til að slá á svartamarkaðsbrask með því að leyfa innflutning á eðlum gegn framvísun á heilbrigðisvottorði frá þarlandum yfirvöldum þar sem staðfest var að dýrin væru laus við salmonellu. Eftir 3 vikur í sóttkví kom í ljós að öll sýni reyndust bullandi jákvæð gagnvart salmonellu.

Þegar skriðdýr koma til kasta heilbrigðis- og lögreglugyfirvalda er þeim fargað og sýni tekin til salmonellugreiningar. Nær undantekningarlaust greinist ein eða fleiri salmonellutegund. Nýjasta dæmið er þegar lögreglan í Hafnarfirði gerði upp-tækan fjöldann allan af snákum, skordýrum og tarantula kóngulóm hinn 1. júlí sl. Snákarnir voru alls fimm af fjórum mismunandi teg-



Morgunblaðið/Golli

Fagurgræn Bannað er að flytja skepnu sem þessa hingað til lands.

undum og við rannsókn kom í ljós að allir voru smitaðir af salmonellu.

Öðru hvoru koma upp þær raddir hvort ekki beri að endurskoða afstöðu yfirvalda. Reynsla nágrennaríkja okkar er að þegar höftum á innflutningi hefur verið aflétt hefur fylgt mikil aukning salmonellutílfella í fólki sem rekja má til skriðdýra. Því er til að svara að fylgst er

með þróun þessara mála eftir bestu getu en eins og staðan er í dag væri óábyrgt að mæla með slíkum innflutningi, slíkt væri einnig stílbrot miðað við ábyrga stefnu Matvælastofnunar í baráttunni við salmonellu hér á landi.

Gísli Jónsson, dýralæknir físksjúkdóma hjá Matvælastofnun.